

# Gróðurfar á veglínu yfir Fljótsheiði

Greinargerð til Vegagerðarinnar, Akureyri

Hörður Kristinsson, grasafræðingur

Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri

Akureyri, október 1995

## Inngangur.

Að beiðni Vegagerðarinnar á Akureyri tók Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri að sér gróðurkönnun á veglínu yfir Fljótsheiði frá Skjálfandafljótsbrú við Fosshól austur að Þjóðvegi við Jaðar í Reykjadal, um 9,8 km leið. Vettvangskönnun var gerð dagana 30. ág. og 9. sept. 1995. Veglínan var gengin og blómplöntur og byrkningar skráðir á 13 svæðum í mismunandi gróðurlendum. Samtals voru skráð svæði um 6,5 km að lengd.

## Lýsing einstakra gróðursvæða.

1. 0 - 1.260. Veglínan liggur hér frá Þjóðvegi austan við Fosshól, um hrossahaga og um túnin á Rauðá og skurði sem í þeim eru. Hér er því túngróður ríkjandi, ásamt votlendisgróðri í framræsluskurðum.

2. 1.400 - 1.700. Í hliðinni eru hér lyngmóar og eru helstu lyngtegundir beitilyng, krækilyng, bláberjalyng og fjalldrapi. Gróður er allfjölbreyttur með um 70-80 tegundir. Þar sem veglínan sker Rauðárgil koma inn allmargar viðbóartegundir, sem ekki eru í móunum sjálfum.

3. 1.700 - 2.000. Hér skiptast á blautar, hallandi mýrar og fremur raklendir móar á milli. Í mýrunum eru vetrarkvíðastör, tjarnastör og mýrastör ríkjandi, víða með mýrelftingu, engjarós, bláberjalyngi og fjalldrapa. Móarnir eru með beitilyngi, krækilyngi, bláberjalyngi og fjalldrapa. Einnig er óvenju mikið af bjöllulyngi í þessum móum, en það má heita algengt í raklendum móum á allri Fljótsheiðinni.

4. 2.800 - 3.040. Á þessu beltí mega heita samfelldar mýrar. Blautari hluti þeirra er óþýfður með vetrarkvíðastör, tjarnastör og mýrelftingu, en á milli eru þýfðar mýrar með tjarnastör, hvítmosa (*Sphagnum*) í þúfum, ásamt fjalldrapa, bláberjalyngi og krækilyngi. Í þessum hluta mýranna er einnig bjöllulilja á stangli. Við stöð 3.000 fundust flóastör og keldustör í þessari mýri, en það eru mun sjaldgæfari tegundir. Könnuð var útbreiðsla þeirra til hliðar við vegstæðið, og kom þá í ljós að þessar tegundir, einkum flóastörin vaxa þarna langt til suðurs, og er flóinn þar flatari en á vegstæðinu. Þar suður á hjallanum stendur vatn alveg uppi í flóanum, og reyndist þar vera fölvastör á nokkru svæði, um 200 m fyrir sunnan veglínuna. Það má því segja, að þarna sé "heitt svæði" sem full ástæða er til að hlífa.

5. 3.480 - 3780. Þarna er annað flóasvæði sem er vatnsósa, með ríkjandi flóastör og vetrarkvíðastör, en þúfur í flóanum eru víða vaxnar hvítmosa og mýraberjalyngi. Mýraberjalyng er fremur fágæt tegund á Íslandi, og hefur verið á undanhaldi vegna framræslu. Því má segja að þarna skeri veglínan annað "heitt svæði".

6. 3.800-4.100. Hér er mólendi með ríkjandi fjalldrapa, beitilyngi, krækilyngi og sortulyngi. Gulvíðir er þar sem landið er lægra og blautara, og þar er hrafnastör í lautum.

7. 4.800 - 5.900. Hér liggur veglínan í neðanverðri hlið, rétt ofan við flatan flóa. Aðalgróðurinn á þessu svæði eru fjalldrapamóar með beitilyngi, krækilyngi, bláberjalyngi og eini. Gróðurlendið er svipað alla leiðina, en norðan til (5.500-5.900) eru dýpri bollar eða gil og hæðir á milli. Þar eru fjalldrapi og aðalbláberjalyng í lægðum, en beitilyng, krækilyng og holtasóley eru ríkjandi á hæðum með þursaskeggsblettum og skollakræðu (*Alectoria ochroleuca*) á milli.

Flóinn neðan við veglínuna er mjög blautur, áþekkur "heita svæðinu" sunnan við 2.800 - 3.040. Ríkjandi eru tjarnastör, hengistör, vetrarkvíðastör og flóastör, á nokkrum stöðum er einnig fölvastör eða hrafnastör. Sums staðar eru þýfðir blettir inn á milli með hvítmosa og mýraberjalyngi. Áriðandi er að raska ekki flóanum við vegagerðina.

8. 6.000 - 6.500. Hér beygir veglínan úr hlíðinni og niður á flóann. Hér er flóanum farið að halla í norður, og er mun þurrari en sunnar. Hér eru tjarnastör, mýrastör, vetrarkvíðastör og mýrelfting mest áberandi. Vottur af flóastör á einum stað. Neðar (6.500 - 6.700) fara að koma þýfð móahöft á milli mýrarflákanna.

9. 7.300 - 7.800. Stórþýfðir móar með fjalldrapa og gulvíði ríkjandi, snarrótarpunktur, bugðupunktur og ilmreyr áberandi í gróðrinum. Á milli eru þurrari móar með krækilyngi, beitylyngi, fjalldrapa og sortulyngi.

10. 7.800 - 8.180. Hér eru móar með ríkjandi fjalldrapa, víði og bláberjalyngi ofan til, en neðar deig hallamýri með mýrastör, mýrelftingu, fjalldrapa og bláberjalyngi. Ein og ein tjarnastör á stangli, víða mikið af bjöllu-lilju.

11. 8.200 - 8.500. Stórþýfðir móar með fjalldrapa, bláberjalyngi og sortulyngi, neðan við 8.500 taka við hallamýrar.

12. 8.600 - 8.900. Stórþýfðir grasmóar og hallamýrar, neðan til að hluta undir brattri, grasi gróinni brekku.

13. 9.000 - 9.700. Melar og þurrt mólendi ofan til, en síðan kemur veglínan niður á núverandi þjóðveg og liggur víða samsíða honum. Hér gætir mikið áhrifa ræktunar og búsetu á gróðurinn. Laugamaðra fannst hér á bletti meðfram núverandi þjóðvegi.

### Fjölbreytni tegunda

Á veglínunni yfir Fljótshéiði voru alls skráðar 152 tegundir blómplantna og byrkninga, enda má heita að öll veglínan sé algróin.

Af tegundaskránni (tafla 1) kemur fram, að endasvæði veglínunnar báðum megin Fljótshéiðar (1 og 13) hafa nokkrar tegundir, sem ekki eru á hinum svæðunum, og eru það áhrif búsetu og ræktunar. Þá skera sig svæði 4, 5 og 8 úr að því leyti, að þau eru alfarið í votlendi, en þurrlendistegundir vantar.

Í stórum dráttum má segja að mestur hluti veglínunnar liggi um ýmsar gerðir af þýfðum lyngmóum, þar sem beitylyng, krækilyng, sortulyng og holtasóleyjar eru ríkjandi þar sem þurrara er, en fjalldrapi, víðir og bláberjalyng ásamt bjölluylngi þar sem raki er meiri undir. Töluverður hluti veglínunnar liggur einnig yfir blautar mýrar og flóa. Blautustu flóarnir eru að jafnaði óþýfðir með vetrarkvíðastör, tjarnarstör, mýrastör, hengistör eða flóastör ríkjandi, en hluti þeirra eru smáþýfðar með hvítmosa, bláberjalyngi og fjalldrapa í þúfum, en mýrastör, mýrelftingu og tjarnastör á milli. Í þeim síðastnefndu vex stundum mýraberjalyng á þúfunum.

Mun fleiri tegundir eru í mounum (70-80) en í flóunum (30-35).

### Sjaldgæfar tegundir.

Flestar tegundir í plöntuskránni (tafla 1.) eru algengar um allt land, en 9 tegundir eru takmarkaðar við ákveðna landshluta (feitlettraðar í skránni), og verða þær teknar hér fyrir sérstaklega. Dvergstör, móastör og móanára hafa

landræna útbreiðslu, en eru algengar á Norður- og Norðausturlandi. Flóastör er nokkuð algeng í flóum á Suður- og Vesturlandi, en fágætari á Norðurlandi, þótt hún finnst þar á víð og dreif. Laugamaðra er allalgeng á blettum hér og hvar um landið, m. a. á Eyjafjarðarsvæðinu. Hún fannst á einum stað við veglínuna skammt ofan við Jaðar. Líklegt er að hún sé að dreifast um landið smátt og smátt. Engjamunablóm er slæðingur sem sums staðar hefur slæðst frá ræktun í görðum. Hún fannst á einum stað í skurði ofarlega í túninu á Raudá. Bjöllulilja er fremur fágæt á landsmælikvarða, en aðalheimkynni hennar er rakt mólendi í Kinnarfjöllum, Fljótshéiði, Laxárdalsheiði og Mývatnsheiði, svo og einnig á Þistilfjarðarheiðum. Hún reyndist mjög útbreidd á veglínunni yfir Fljótshéiði, og er trúlega algeng um alla Fljótshéiði, þar sem góður raki er undir víðikjarri og fjalldrapamóum.

Mýraberjalyng og keldustör eru hvort tveggja sjaldgæfar tegundir, sem eru bundnar við ákveðnar gerðir votlendis. Töluvert af mýraberjalyngi var á einum stað á veglínunni við heiðarbrún að vestanverðu. Það vex á hvítmosaþúfum í votlendi. Vottur af því fannst einnig á einum stað austan í heiðinni. Vitað er að mýraberjalyng finnst á fleiri stöðum í Reykjadal, Mývatnsheiði og Mývatnssveit, og er líklega algengara á þessu svæði en annars staðar á landinu. Ekki er þó ljóst hver útbreiðsla þess er á Fljótshéiðinni.

Keldustör er talin afar sjaldgæf í Þingeyjarsýslu, en fundin allvíða í útsveitum Eyjafjarðar. Hún vex eingöngu í blautum flóum og fannst á einum stað neðan við vesturbrún Fljótshéiðar.

Þá er rétt að geta hér um fölvastör, sem einnig er afar sjaldsæð á þessu svæði. Hún fannst ekki á sjálfri veglínunni yfir Fljótshéiði, og er því ekki á plöntulistanum. Fölvastör vex aðeins í mjög blautum flóum, þar sem vatn stendur uppi. Aðalsvæði hennar hérlendis eru vestur á Mýrum og Snæfellsnesi, og í blám á utanverðu Fljótshéiðinni. Á Fljótshéiðinni fannst hún í flóa á flötum hjalla um 200 m sunnar en veglínun kemur upp á heiðarbrúnina að vestan. Einnig er hún á nokkru svæði í stórum flóa austan í heiðinni.

Ekki var áður vitað um fölvastörina á þessum stað. Næsti þekkti fundarstaður er við Geitafell í Reykjahverfi. Ekki er ólíklegt að hún sé víðar á Fljótshéiðinni, því þar eru víðar flóar sem ekki hafa verið ræstir fram, en um þetta er ekki vitað.

### Niðurstöður.

Þar sem Fljótshéiðin er hvarvetna gróin, þarf ekki að koma á óvart, að veglína yfir hana hljóti að fara eingöngu yfir gróið land. Þurrlendið á heiðinni hefur miklu fjölbreyttara gróðurfar en votlendið, en minna er þar um fágætar tegundir. Í þurrlendinu hefur bjöllulilja hæst verndargildi, en er þó algeng á þessu svæði, bæði á veglínunni og einnig sunnar og norðar á heiðinni. Hún vex þó eingöngu í móum þar sem góður raki er undir.

Í votlendinu eru færri tegundir, en þar er hins vegar meira af sjaldgæfum tegundum. Einkum er þar tvenns konar gróðurlendi, sem telja verður að hafi hátt verndargildi. Annars vegar eru þýfðar mýrar með hvítmosa og mýraberjalyngi, og hins vegar flatir flóar með flóastör, keldustör og fölvastör. Þessi gróðurlendi koma einkum fyrir á þrem "heitum svæðum" í nágrenni við eða á veglínunni. Það fyrsta (I) er á hjalla vestan í heiðarbrúninni, flói í 246-247 m hæð y.s. Kjarni þessa svæðis er 200-300 m sunnar en veglínun, á



móts við stöðvar 2.960-3.000. Þar eru vetrarkviðastör, tjarnastör og flóastör ríkjandi tegundir. Keldustör var þarna mjög stjál við veglínuna, en fölvastör á nokkru svæði sunnar þar sem blautast er. Veglínan er í útjafri þessa votlendis, og alfarið norðan við það svæði sem fölvastörin er á. Vegna nálægðar væri mikilvægt að engin framræsla fylgi vegargerðinni á þessum hjalla.

Annað svæðið (II) er flói ofan við heiðarbrún í 268-269 m hæð y.s. við stöðvar 3.500-3.700. Þar eru flóastör og vetrarkviðastör ríkjandi tegundir, en smáþúfur á milli með hvítmosa og mýraberjalyngi. Veglínan liggur þvert yfir þetta svæði, en skammt norðan við það er þurrara. Það er einkum mýraberjalyngið, sem hækkar verndargildi þessa flóa, en samkvæmt reynslu þrífst það tæplega annars staðar en þar sem hvítmosi vex í þúfum.

Þriðja svæðið (III) er stór flói austan við háheiðina í 257-260 m hæð til hliðar við stöðvar 4.800-5.600. Í þessum flóa er lítið stöðuvatn gegnt stöð 5000. Gróðri svipar til þess sem er á svæði I. Mikið er af vetrarkviðastör, hengistör, tjarnastör, mýrastör og flóastör. Fölvastör er á stangli þar sem blautast er. Veglínan liggur öll til hliðar við þetta svæði í brekkurótum, en aðeins í 30-50 m fjarlægð. Mikilvægt er að skerða ekki þetta votlendissvæði við vegargerðina. Veglínan sveigir síðan austur yfir þennan votlendishjalla norðar, þar sem honum er farið að halla til norðurs og orðinn þurrari.

Frá sjónarmiðum gróðurverndar er veglínan staðsett óþarflega nálægt svæðum I og III, þótt hún sé heldur til hliðar við þau, og tæplega ætti að vera þörf á að skera svæði II, þar sem það nær aðeins skammt norður fyrir veglínuna. Með því að framlengja þá stefnu, sem tekin er upp hlíðina við stöð 2000, og sveigja um 100 m norðar upp á heiðarbrúnina, má sneiða hjá svæðum I og II. Einnig væri til bóta að færa veglínuna upp úr kvosinni í brekkurótum meðfram svæði III (stöðvar 4.500 - 5.500) og leggja hana aðeins ofar (um 20 m vestar) í brúnirnar. Ekki er ólíklegt, að með því móti mætti einnig gera veginn lítið eitt snjóléttari. Þar sem veglínan sveigir austur á flóann við stöðvar 6.000 - 6.500, verður henni tæplega valinn betri staður.

Ef miðað er við að fyrirhugaðri veglínu verði haldið óbreyttri, þyrfti að tryggja sem best að engin framræsla fylgi vegargerðinni, hvorki með greftri, óþarfa umferð um flóana við hin "heitu svæði", né af sigi sem hugsanlega gæti orðið af því fargi sem vegurinn verður á flóanum við svæði I. Æskilegt væri einnig að afla frekari upplýsinga um útbreiðslu mýraberjalyngs og fölvastarar á öðrum hlutum Fljótshéðarinnar.



1. tafla, íramhald

<i>Epilobium hornemannii</i>	Heiðadúnurt	x			x				
<i>Epilobium palustre</i>	Mýradúnurt	x	x			x		x	x
<i>Equisetum arvense</i>	Klólfting	x	x	x		x		x	x
<i>Equisetum fluviatile</i>	Fergin	x		x		x			
<i>Equisetum palustre</i>	Mýrelfting		x	x	x	x		x	x
<i>Equisetum pratense</i>	Vallefting	x	x		x	x		x	x
<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski	x	x	x		x	x	x	x
<i>Erigeron borealis</i>	Jakobsfífill		x	x		x	x	x	x
<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófífa	x	x	x	x	x		x	x
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	Hrafnafífa	x				x			
<i>Erophila verna</i>	Vorperla								x
<i>Euphrasia frigida</i>	Augnfró	x	x	x		x		x	x
<i>Festuca richardsonii</i>	Túnvingull		x	x		x	x	x	x
<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull		x	x		x	x	x	x
<i>Galium normanii</i>	Hvítmaðra	x	x	x		x		x	x
<b>Galium uliginosum</b>	<b>Laugamaðra</b>								x
<i>Galium verum</i>	Gulmaðra	x	x		x	x		x	x
<i>Gentiana nivalis</i>	Dýragras				x				x
<i>Gentianella amarella</i>	Grænvöndur	x	x			x			x
<i>Gentianella aurea</i>	Gullvöndur		x		x				
<i>Gentianella campestris</i>	Mariuvöndur								x
<i>Geum rivale</i>	Fjalldalafífill	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Hieracium</i>	Undafífill		x	x		x			
<i>Hierochloe odorata</i>	Reyrgresi	x	x			x	x	x	
<i>Hippuris vulgaris</i>	Lófótur	x							
<i>Juncus alpinus</i>	Mýrasef								x
<i>Juncus arcticus</i>	Hrossanál	x	x	x		x	x	x	x
<i>Juncus articulatus</i>	Laugasef		x	x		x			
<i>Juncus biglumis</i>	Flagasef				x		x	x	
<i>Juncus filiformis</i>	Þráðsef					x		x	x
<i>Juncus trifidus</i>	Móasef		x	x		x	x	x	x
<i>Juncus triglumis</i>	Blómsef	x	x	x		x		x	x
<i>Juniperus communis</i>	Einir				x	x			
<i>Kobresia myosuroides</i>	Þursaskegg	x	x	x		x		x	x
<i>Koenigia islandica</i>	Naflagras	x	x	x		x		x	x
<i>Leontodon autumnalis</i>	Skarífífill	x	x	x		x	x	x	x
<i>Loiseleuria procumbens</i>	Sauðamergur		x	x		x			
<i>Luzula multiflora</i>	Vallhæra	x	x	x		x	x	x	x
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	x	x	x		x		x	x
<i>Luzula sudetica</i>	Dökkhæra		x	x				x	x
<i>Menyanthes trifoliata</i>	Horblaðka	x	x	x	x	x			x
<i>Minuartia biflora</i>	Fjallanóra					x			
<b>Minuartia stricta</b>	<b>Móanóra</b>				x				
<i>Montia fontana</i>	Lækjagrýta	x					x		x
<i>Myosotis arvensis</i>	Gleym-mér-ei								x
<b>Myosotis scorpioides</b>	<b>Engjamunablóm</b>	x							
<i>Nardus stricta</i>	Finnungur		x		x	x		x	x
<i>Omalotheca supina</i>	Grámulla				x	x			
<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra		x						
<i>Parnassia palustris</i>	Mýrasóley	x	x	x		x		x	x
<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras	x	x	x		x			x
<i>Phleum pratense</i>	Vallarfoxgras	x			x				
<i>Pilosella islandica</i>	Íslandsfífill	x							x
<i>Pinguicula vulgaris</i>	Lyfjagras		x	x		x		x	x
<i>Platanthera hyperborea</i>	Friggjargras		x		x		x	x	x
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	x	x		x	x		x	x


# 1. tafla, framhald

<i>Poa annua</i>	Varpasveifgras	x			x		x	x
<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras	x	x		x	x	x	x
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras	x	x				x	x
<i>Potentilla crantzii</i>	Gullmura	x	x	x	x	x	x	x
<i>Potentilla palustris</i>	Engjarós	x	x	x	x	x	x	x
<i>Pyrola grandiflora</i>	Bjöllulilja		x	x	x		x	x
<i>Pyrola minor</i>	Klukkublóm		x	x	x		x	x
<i>Ranunculus acris</i>	Brennisóley	x	x	x	x	x	x	x
<i>Rhinanthus minor</i>	Lokasjóður	x	x					x
<i>Rubus saxatilis</i>	Hrútaber		x					
<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra	x	x	x	x	x	x	x
<i>Sagina nivalis</i>	Snækrækil						x	
<i>Sagina nodosa</i>	Hnúskakrækil		x	x				x
<i>Sagina procumbens</i>	Skammkrækil	x			x		x	x
<i>Sagina saginoides</i>	Langkrækil	x	x	x	x	x	x	x
<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir		x	x	x	x	x	x
<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir	x	x		x	x	x	x
<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir	x	x	x	x	x	x	x
<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir		x	x	x	x	x	x
<i>Saxifraga caespitosa</i>	Þúfusteibrjótur	x						
<i>Saxifraga stellaris</i>	Stjörnusteibrjótur	x						
<i>Sedum villosum</i>	Flagahnoðri	x	x	x	x		x	x
<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni	x	x	x	x	x	x	x
<i>Sibbaldia procumbens</i>	Fjallasmári					x		
<i>Silene acaulis</i>	Lambagras		x	x		x	x	x
<i>Sparganium hyperboreum</i>	Mógrafabrúsi				x			
<i>Stellaria media</i>	Haugarfi	x						
<i>Taraxacum</i>	Túnfífill	x	x	x	x	x	x	x
<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Thymus praecox</i>	Blóðberg	x	x	x	x	x	x	x
<i>Tofieldia pusilla</i>	Sýkigras	x	x	x	x	x	x	x
<i>Trichophorum caespitosum</i>	Mýrafinnungur		x	x	x			x
<i>Trifolium repens</i>	Hvítsmári	x			x		x	x
<i>Trisetum spicatum</i>	Lógresi		x	x			x	x
<b>Vaccinium microcarpum</b>	<b>Mýraberjalyng</b>			x		x		
<i>Vaccinium myrtillus</i>	Aðalbláberjalyng		x		x	x		
<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalyng	x	x	x	x	x	x	x
<i>Veronica alpina</i>	Fjalladepla		x		x	x		
<i>Veronica fruticans</i>	Steindepla				x	x		
<i>Veronica serpyllifolia</i>	Lækjadepla	x	x		x			
<i>Viola canina</i>	Týsfjóla				x			
<i>Viola epipsila</i>	Birkífjóla					x		
<i>Viola palustris</i>	Mýrfjóla	x	x	x	x		x	x


## Skrá yfir rannsóknasvæði

1	0 - 1.260	9	7.300 - 7.800
2	1.400 - 1.700	10	7.800 - 8.180
3	1.700 - 2.000	11	8.200 - 8.500
4	2.800 - 3.040	12	8.600 - 8.900
5	3.480 - 3.780	13	9.000 - 9.700
6	3.800 - 4.100		
7	4.800 - 5.900		
8	6.000 - 6.500		







*Carex livida*  
Fölvastör



*Carex magellanica*  
Keldustör



*Pyrola grandiflora*  
Bjöllulilja



*Vaccinium microcarpum*  
Mýraberjalýng